



SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

AÐALFUNDUR SAMBANDS ÍSLENSKRA
PRÓFUNARSTOFA
30. september 2020

Skýrsla stjórnar, starfsárið 2019 – 2020

Samband íslenskra prófunarstofa – Eurolab Iceland var stofnað árið 1990 og eru því þrjátíu ár liðin var stofnun þess. Starfsárið hefur einkennst að hluta til af alheimsfaraldrinum covid-19.

Á starfsárinu 2019 til 2020 var lögð megináherslu á upplýsinga- og fræðslustarf. Stjórnin heldur úti vefsíðu fyrir SÍP með helstu upplýsingum um starfsemina.

Aðilar að SÍP eru nú 12: Rio Tinto á Íslandi, BM Vallá, Frumherji hf., Hlaðbær Colas, Mannvit hf., Malbikunarstöðin Höfði, Mátis ohf., Neytendastofa, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, Steypustöðin ehf og Össur ehf.

Fræðslufundur félagsins: Haldnir voru tveir fræðslufundir á vegum Sambands íslenskra prófunarstofa í samvinnu við Jensen ráðgjöf í ISO/IEC 17025 staðlinum um „Almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa“. Vegna mikillar þátttöku þá voru haldin tvo námskeið annars vegar dagana 11. – 12. nóvember 2019 og hins vegar dagana 14. – 15. janúar 2020. Farið var yfir kröfur staðalsins og meginbreytingar á nýju útgáfunni frá árinu 2017 miðað við fyrri útgáfu frá árinu 2005. Það var mjög ánægjulegt að það var fullbókað á bæði námskeiðin eða 12 þátttakendur á hvoru um sig.

Kynning á starfsemi félagsins: Beiðni barst til stjórnar SÍP að kynna félagið á “Steypudeginum 2020” þann 21. febrúar. Elísabet Sólbergisdóttir var með

20 mínútna kynningu um SÍP og aðildarfélög þess, sjá nánar á vefsíðu SÍP.

Félagið er aðili að bæði Eurolab og Eurachem. Ársfundir Eurolabs og Eurachems árið 2020 féllu niður vegna covid-19. Eurolab átti einnig þrjátíu ára afmæli á árinu. Innan Eurolabs og Eurachems fer fram ómetanlegt starf okkar helstu sérfræðinga í Evrópu við að rýna staðla.

Vefsíða félagsins hefur verið mikilvægur þáttur í að miðla upplýsingum til félagsmanna. Á slóð félagsins eru krækjur í Eurachem og Eurolab og á heimasíðu þeirra koma fram áhugaverð námskeið og margvíslegar leiðbeiningar. Slóð á síðu félagsins er: <http://icelab.123.is/>

Fjármál

Vísað er í yfirlit gjaldkera varðandi fjármál félagsins.

Stjórn og stjórnarfundir

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu þar sem áhersla var lögð á að skipuleggja fræðslu og kynningar. SÍP var formlega skráð hjá skattinum á starfsárinu. Stjórnin hefur unnið að því að fá fleiri fyrirtæki, sem reka prófunarstofur, inn í SÍP. Félagsmenn hafa verið hvattir til að bjóða sig fram til setu í stjórn félagsins og stuðla þannig að framgangi félagsins.

Á starfsárinu var stjórnin skipuð á eftirfarandi hátt: Elísabet Sólbergisdóttir, Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði – formaður, Hrólfur Sigurðsson, Mátis ohf, - ritari Halgrímur S. Hallgrímsson Frumherji hf. - gjaldkeri Guðrún Eva Jóhannsdóttir, Mannvit hf og Elín Ásgeirsdóttir, Malbikunarstöðin Höfði.

Reykjavík 30. september 2020

Elísabet Sólbergisdóttir